

Alþingi  
Erindi nr. B 121 / 1326  
komudagur 4 / 7 1997



Allsherjarnefnd Alþingis,  
b.t. Sólveigar Pétursdóttur, form.  
Alþingi,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 25. mars 1997,

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með vísan til bréfs nefndarinnar leyfir sóknarnefnd sér að lýsa yfir stuðningi við framkomið frumvarp um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar með þeim athugasemdum sem fram koma í umsögn Samtaka sóknarnefnda í Reykjavíkur og Kjalanesprófastdæmum og Leikannastefnu hinnar íslensku þjóðkirkju dags. 11. mars 1997.

Tvennt vill sóknarnefnd Langholtssóknar leggja sérstaka áherslu á í þeirri umsögn:

1. Æviráðning sóknarpresta sbr. 39. gr. frumvarpsins. Þetta ákvæði er okkur þyrnir í augum og tölum við þar að reynslu. Um rökstuðning vísast til umsagnar Samtaka sóknarnefnda. Ef háttvirtallsherjarnefnd hins vegar telur ekki ástæðu til að fella þetta ákvæði út er lagt til að sóknarprestur verði ráðinn í upphafi til þriggja til fimm ára og síðan ævilangt. Það verður að vera kominn einhver reynsla á viðkomandi prest áður en tekin verður ákvörðun um æviráðningu hans.
2. Um afnot af kirkjunni sbr. 54. gr. frumvarpsins. Það er skoðun sóknarnefndarinnar og tölum við þá af reynslu að það getur ekki verið undir duttlungum sóknarprest komið hverjum á að leyfa afnot af kirkjunni og hverjum ekki. Á það t.d. að vera í hans valdi að banna öðrum sóknarpresti t.d. að skíra eða gífta í kirkjunni? Á það að vera undir sóknarpresti komið hvort t.d. Karlaþór Reykjavíkur haldi tónleika í kirkjunni? Á það að vera undir sóknarprest komið hvort sóknarnefnd haldi aðalfund í kirkjunni?

Eins og tiltekið er í umsögn Samtaka sóknarnefnda er eðlilegt að vald þetta sé í höndum sóknarnefndar og sóknarprests.

Við væntum þess að fyrirliggjandi frumvarp verði samþykkt sem fyrst og helst með þeim breytingum öllum sem lagt er til í umsögn Samtaka sóknarnefnda.

Virðingarfyllt,  
f.h. sóknarnefndar Langholtssóknar,

Guðmundur Ágústsson form.